

## **Fundargerð starfsþróunarnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og þeirra stéttarfélaga innan BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum**

Fundur starfsþróunarnefndar haldinn 8. október 2018 að Borgartúni 30, Reykjavík kl. 9:30.

Mætt voru: Frá BSRB, Arna Jakobína Björnsdóttir og Karl Rúnar Þórsson sem var í síma. Frá ASÍ, Árni Steinar Stefánsson. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Berglind Eva Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

### **1. Mat á námi skólaliða**

Lögð fram að nýju, beiðni um mat á námi af Skrifstofubraut II og Frumgreinadeild. Starfsmaður starfar sem skólaliði.

Á fundi nefndar 24. september s.l. var samþykkt að kalla eftir starfslýsingu starfsmanns. Samkvæmt upplýsingum frá viðkomandi sveitarfélagi er ekki til starfslýsing en vísað er til starfalýsingar í starfsmati fyrir skólaliða með ræstingu.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 4% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.3 þar sem námið er ígildi stúdentsprófs.

### **2. Mat á námi starfsmanns í leikskóla**

Lögð fram beiðni um mat á fagnámi 1 í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Starfsheiti er starfsmaður í leikskóla.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á ekki rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1 þar sem námið uppfyllir ekki skilyrði um 150 kest. nám.

### **3. Mat á námi starfsmanns í leikskóla**

Lögð fram beiðni um mat á námi úr erlendum skóla. Starfsheiti er starfsmaður í leikskóla.

Starfsþróunarnefnd hefur ekki tók á meta námið en samþykkir að senda beiðni til Enic/Naric um mat á náminu.

### **4. Mat á námi stuðningsfulltrúa (Mál 1 á fundi 19)**

Lögð fram beiðni um mat á námi af félagsliðabraut-brú í Borgarholtsskóla. Starfsmaður starfar sem stuðningsfulltrúi og er með menntun fyrir stuðningsfulltrúa.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1.

**5. Önnur mál:**

Starfspróunarnefnd samþykkir að útbúa lokaskýrslu um störf nefndarinnar.

Fram kom að verið er að vinna að endurskoðun Launaskólans með það. t.d. í huga að lengja hann í 150 kest.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30

Næsti fundur verður haldinn 22. október k. 9:30